

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 17/2007 um sorpflutninga og sorpeyðingu í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðahverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld: Íbúðarhús kr. 15.900

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnaði í sveitarfélaginu.

Sorpeyðingargjöld:	Íbúðarhúsnaði	kr. 16.800
	Sumarbústaðir	kr. 13.300
	Atvinnuhúsnaði	kr. 33.300

Sérstakt aukasorgjald er innheimt vegna gá mavalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaður vegna gá mavalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. magntölum frá verktaka sorphirðu. Aukasorgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

- | | |
|------------|-------------|
| a. flokkur | kr. 25.000 |
| b. flokkur | kr. 50.100 |
| c. flokkur | kr. 75.100 |
| d. flokkur | kr. 125.000 |
| e. flokkur | kr. 166.400 |
| f. flokkur | kr. 250.600 |
| g. flokkur | kr. 334.200 |
| h. flokkur | kr. 417.700 |
| i. flokkur | kr. 501.300 |

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 2. desember 2010 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 9. desember 2010. Gjaldskrá þessi tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá um sorphirðu og sorpförgun í Hrunamannahreppi sem samþykkt var á hreppsnefndarfundi þann 17. desember 2009.

Hrunamannahreppi, 13. desember 2010.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.